



Akraneskaupstaður

## Bæjarstjórn - 1329

### FUNDARBOÐ

**1329. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
23. mars 2021 og hefst kl. 17:00**

#### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6**

Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við breytingar á deiliskipulaginu.

Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að ofangreind greinargerð skipulagsfulltrúa verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagsbreytingunni.

**2. 2011264 - Esjuvellir 8 bílskúr - umsókn um byggingarleyfi - grenndarkynning**

Umsóknin var grenndarkynnt fyrir Esjuvöllum 4, 6 og 10, frá 27. janúar til 2. mars 2021. Engar athugasemdir bárust, samþykki barst frá Esjuvöllum 10.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að heimila byggingarleyfi á bílskúr í samræmi við meðfylgjandi gögn á lóð nr. 8 við Esjuvelli.

**3. 2101256 - Fab Lab smiðja á Akranesi**

Málefni Fab Lab smiðju Vesturlands á Akranesi.

Hjálagðir eru samstarfssamningar um rekstur og umsjón smiðjunnar ásamt húsaleigusamningum milli Akraneskaupstaðar og Brim hf. og milli Akraneskaupstaðar og ArTTré ehf.

Óskað var eftir staðfestingu bæjarráðs á þátttöku Akraneskaupstaðar í verkefninu með tilheyrandi fjárhagsstuðning til ársloka 2026.

Bæjarráð samþykkti þátttöku Akraneskaupstaðar í verkefninu og fyrirbyggjandi samninga og skuldbindingar sem í því felast fyrir Akraneskaupstað og fól bæjarstjóra frágang málsins.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 8 að fjárhæð kr. 3.400.000 sem er mætt af óvissum útgjöldum 20830-4995 og færist á deild 13060-4390.

Bæjarráð vísaði viðauka nr. 8 til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

**4. 2010176 - Niðurgreiðsla vegna dvalar barna hjá dagforeldrum 2021**

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2021 tillögu að hækkun niðurgreiðslu til foreldra upp í kr. 70.000 miðað við fulla vistun og vísaði til samþykktar í bæjarráði þar sem hækkunin rúmast innan fjárheimildar 2021.

Bæjarráð samþykkti tillögu um hækkun á niðurgreiðslum til foreldra, úr kr. 55.000 fyrir fulla vistun á mánuði (8 tímar eða meira) í kr. 70.000. Fyrir foreldra fjölburabarna sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í 4-8 klukkustundir hækkar niðurgreiðslan úr kr. 63.000 í kr. 78.000 á mánuði og fyrir annað fjölburabarn hækkar niðurgreiðslan úr kr. 100.000 í kr. 130.000. Hækkun niðurgreiðslu til foreldra vegna vistunar barns í skemmri tíma en fulla vistun verður hlutfallsleg miðað við dvalarstundafjölda barnsins.

Bæjarráð samþykkti að hækkunin gildir frá 1. apríl næstkomandi. Hækkunin rúmast innan samþykktar fjárheimildar á deild 04200-5917 og hefur því ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu.

Bæjarráð vísaði málinu til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness.

**5. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.**

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á 149. fundi sínum þann 17. mars 2021 fyrirleggjandi tillögu að breytingum á reglum Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum. Breyting á 1. grein sem snýr að framlengingu á umsóknarfresti.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar samþykkt sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**Fundargerðir til kynningar**

**6. 2101002 - Fundargerðir 2021 - Bæjarráð**

3253. fundargerð bæjarráðs frá 11. mars 2021.

**7. 2101004 - Fundargerðir 2021 - Skóla- og frístundaráð**

156. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 16. mars 2021.

**8. 2101005 - Fundargerðir 2021 - Skipulags- og umhverfisráð**

188. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 2. mars 2021.

189. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 8. mars 2021.

190. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 16. mars 2021.

**9. 2101003 - Fundargerðir 2021 - Velferðar- og mannréttindaráð**

149. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 17. mars 2021.

**10. 2101009 - Fundargerðir 2021 - Orkuveita Reykjavíkur**

299. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. janúar 2021.

Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri.